

**102. fundur
fræðslunefndar
haldinn í fundarsal á 3. hæð,
miðvikudaginn 11. nóvember 2009 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Björn Sverrisson formaður, Katrín Gísladóttir, Erna Guðmundsdóttir, Hrefna Frímansdóttir, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskóla, Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi leikskólakennara og Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari.

Fundargerð ritaði: Arna Sædal Andrésdóttir.

Dagskrá:

1. 0911017 - Skýrsla Sigrúnar um starfið í leikskólanum (11.11.2009)

- Vinna við fjárhagsáætlun er hafin.
- Karín Rut er farin í veikindafrí og fer svo í fæðingarorlof.
- Nýr starfsmaður byrjaði í afleysingum 1/11, Hanna Rún Smáradóttir.
- Starfsdagur var 23. október, og tókst mjög vel, þar var Kristín Hildur Ólafsdóttir með námskeið í skapandi starfi í anda Reggio Emilia stefnunnar (sjá t.d. www.sare.is). Ætlunin er að vinna áfram að þessu verkefni og dýpka þekkingu okkar.
- Ný heimasíða verður opnuð á föstudaginn 13. nóvember.
- Danssýning á morgun kl. 11:15
- Í tilefni dags íslenskrar tungu 16. nóvember nk., fara elstu börnin í bókasafnið.
- Viðbragðáætlun leikskólans vegna heimsfaraldurs infúensu er komin á heimasíðu leikskólans og eins heimasíðu bæjarins.
- Ný stjórn hjá foreldrafélagi leikskólans er tekin til starfa, stjórnina skipa: Elín Kristinsdóttir formaður, Sara Jóhannsdóttir, Guðbjörg María Jósepsdóttir, Dóra Björk Sigurðardóttir og María Magnúsdóttir.

2. 0911018 - Skýrsla Gunnars um starfið í grunnskólanum (11.11.2009)

- Skólinn okkar í dag. Gunnar fór yfri stöðu mála.
 - ✓ Einkunnir eru komnar í hús úr samræmdum prófum.
 - ✓ Skólastjóri hefur setið fund með undirbúningsnefnd vegna stækkunar grunn- og tónlistarskóla.
 - ✓ Nemendaferðir eru í undirbúningi.
 - ✓ Unnið er að enn frekari notkun á Mentor.
 - ✓ Danssýning verður á morgun kl. 11:50 fyrir 1. – 6. bekk.

- Skólaráð GSS: Skólaráð GSS 2009-2010 er klárt. Ráðið samanstendur af níu fulltrúum. Ráðið stefnir á að funda þrisvar sinnum yfir skólaárið.
- Undirbúningur fjárhagsáætlunar GSS er hafinn.

3. Önnur mál.

- Björn, formaður fór yfir Skólapingið sem haldið var 2. nóvember sl. Hann sótti þingið ásamt Erlu bæjarstjóra. Endindi og fyrirlestra frá Skólapinginu má nálgast á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is.

Fleira ekki gert.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17.55